


Wolfgang Panhofer er fæddur í Vín og stundaði nám við Tónlistarakademíð þar í borg. Hann var síðar við nám í Manchester og lauk diplómprófi frá Royal Northern College of Music árið 1987. Hann hefur haldið tónleika víða og hefur að baki feril sem einleikari með þekktum hljómsveitum og kammerhljómsveitum, meðal annars BBC-kammerhljómsveitinni og Kammersveitinni í Vín. Hann hefur komið fram á alþjóðlegum tónlistarháttíðum og hefur frumflutt mörg verk eftir tónskáld samtímans.

Johannes Andreasen er færeyskur og stundaði framhaldsnám sitt í Vínarborg á árunum 1982 - 86 og sótti einnig tíma í kammertónlist við Menuhin Tónlistarakademíð í Gstaad í Sviss. Hann var í eitt ár í London hjá Peter Feuchtwanger og hefur meðal annars sótt námskeið hjá Edith Picht Axenfeld og Hans Leygraf. Johannes hefur leikið einleik með Sinfóníuhljómsveitinni í Færeyjum og haldið tónleika í Vínarborg, London og hefur einnig komið fram í Reykjavík. Í vetur mun hann kenna við Tónlistarskólann í Kópavogi.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Wolfgang Panhofer
sellóleikari
og
Johannes Andreasen
píanóleikari



27. ágúst 1992 kl. 20:30

Beethoven samdi sönötturnar tvær, ópus 5 fyrir selló og píanó árið 1796. Talið er að þær séu fyrstu sellósönötturnar þar sem píanóröddin er skrifuð út nákvæmlega, en fyrir þann tíma voru sellósönötur samdar í continuo-formi. Sónatan í g-moll, ópus 5 nr. 2 hefst með hægum inngangi sem leiðir yfir í fyrsta allegro-þáttinn og má í þessum kaflaskiptum finna tengsl við barokk-hefðina. Sónatan var samin fyrir einn af sellósnillingum samtímans, Jean-Pierre Duport og var tileinkuð Friedrich Wilhelm II

Hannes Heher fæddist í Vín árið 1964. Hann hefur meðal annars stundað nám í tónsmíðum hjá Heinz Kratochwil og Karl Heinz Füssl. Um verkið *Drei lyrische Stücke*, sem hann samdi á árunum 1983 - 86, segir tónskáldið: „Í verki þessu er fjallað um fyrstu reynslu manns af grimmd og miskunnarleysi dauðans. Tvær leitandi hljómmyndir með snöggum andstæðum, þ.e. *Praeludio* og *Finale*, eru eins konar rammi um miðþáttinn, *Canzona*, sem lokast um sjálfa sig án lausnar. Það er ekki af ástæðulausu að ákveðin tólftónaröð úr fiðlukonsert Alban Bergs heyrir í lokin.“

Dmitri Schostakovits samdi sönötuna ópus 40 sumarið 1934, og hún var frumflutt í Leningrad í desember sama ár af sellistanum Viktor Kubatsky og tónskáldinu sjálfu. Sónatan er síðasta verk höfundar áður en sovésk stjórnvöld gagnrýndu þarlend tónskáld fyrir „formalisma“ í frægri grein í *Prövdu*.

Efnisskrá

L.v. Beethoven
(1770 - 1827)

Sónata í g-moll óp. 5 nr. 2
Adagio sostenuto e espressivo -
Allegro molto piu tosto presto
Rondo. Allegro

Hans Heher
(f. 1964)

Drei lyrische Stücke
Praeludio
Canzona
Finale

Dmitri Schostakovits
(1906 - 1975)

Sónata í d moll, óp. 40
Allegro non troppo
Allegro
Largo
Allegro